



Aðalfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu á Egilsstöðum þ. 14. apríl 2021  
Viðstaddar: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Þórdís Sveinsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Sigrún Blöndal, Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri Minjasafnsins. Kristjana Björnsdóttir var í fjarfundi frá Borgarfirði eystri.

*Dagskrá:*

1. Ársskýrsla
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Kjör endurskoðenda.
4. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi
5. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 15.40.

**1. Ársskýrsla árið 2020.**

Safnsstjóri kynnti og fór yfir ársskýrslu sem send hafði verið með fundargögnum. Starf Minjasafnsins hefur sannarlega litast af aðstæðum í samfélaginu vegna heimsfaraldurs Covid 19 en þrátt fyrir það hefur margvíslegt starf farið fram bæði innan safnsins og í mörgum samvinnuverkefnum með fjölda aðila í fjórðungnum og utan. Gestir safnsins á árinu 2020 voru í heildina færri en árinu áður en mikil aukning innlendra gesta yfir sumarmánuðina, sem er ánægjuleg þróun. Skýrslan er opinber á heimasíðu safnsins ásamt fundargerðum stjórnar. Ársskýrslan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**2. Ársreikningur 2020.**

Framlög sveitarfélaganna sem standa að safninu voru skv. áætlun 27.999.996. Önnur rekstrarframlög voru 3.630.198 og tekjur 991.972. Laun og launatengd gjöld voru 23.619.130. Rekstartap ársins er 12.908.980 sem skýrist að mestu af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1. Tap af hefðbundnum rekstri kemur til vegna minni tekna af aðgangseyri og hækkunar launa og launatengdra gjalda. Stjórn samþykkir samhljóða ársreikning ársins 2020.

**3. Kjör endurskoðenda,**

Stjórn Minjasafnsins samþykkir að semja áfram við KPMG ehf. um endurskoðun reikninga safnsins.  
Kristjana Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðs.

**4. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi.**

Safnið hefur fengið Öndvegisstyrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti að tillögu Safnaráðs fyrir „Húsnæðisbyltingu Minjasafnsins“, til að nýta í fyrirsjáanlegan flutning á safnkosti vegna uppbyggingar Safnahússins og fleiri verkefna, alls 8 milljónir til þriggja ára. Safnið hefur auk þess fengið styrki til endurbóta í Kjarvalshvammi og í hreindýrasýninguna. Þrátt fyrir lokanir vegna Covid 19 hafa skólahópar heimsótt safnið og starfsmenn hafa farið í skóla með fræðslu.

Starfsmenn Minjasafnsins hafa tekið þátt í björgun muna á Seyðisfirði frá því í desember, ásamt starfsfólki Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafn o.fl. Safnið tók við munum, sem lentu í

flóðinu. Mikil vinna var við að hreinsa munina og koma í veg fyrir að þeir eyðilegðust. Vinnustöðvar voru m.a. settar upp í Minjasafninu auk þess að vinna á vettvangi.

#### 5. Önnur mál.

Formaður spurði safnstjóra um stöðu mála á skráningu muna á Lindarbakka á Borgarfirði eystri og hvernig verði háttað aðgengi gesta að húsinu til framtíðar. Eigandi hússins færði sveitarfélaginu það að gjöf og Minjasafn Austurlands fékk styrk til að skrá munina í húsinu. Þeir eru þó ekki skráðir í Sarp þar sem munirnir eru ekki beint í eigu safnsins sem er aðili að skráningarkerfinu Sarpi. Stjórn Minjasafnsins telur að það sé mikilvægt að munirnir verði skráðir í Sarp og upplýsingar um þá aðgengilegir fyrir almenning. Sigríður Sigmundsdóttir spurði safnstjóra út í möguleika safnsins á að fá starfsfólk í gegnum sumarstyrki fyrir námsmenn eða vegna aðgerða ríkisstjórnar til að aðstoða atvinnulausa til að fá tímabundin störf. Þessir möguleikar verða skoðaðir í samstarfi við mannauðsstjóra Múlaþings.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.15.

Fundargerð skrifaði Sigrún Blöndal